




Landsvirkjun



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK


Reykjavík, 12. júní 2013
Tilvísun vor: 07.01

Efni: **Drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands til kynningar.**
Bráðabirgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnaáætlun, fyrsta skrefið í gerð vatnaáætlunar

Landsvirkjun hefur lokið yfirllestri á áðurnefndum drögum að skýrslu Umhverfisstofnunar og óskar eftir að koma á framfæri meðfylgjandi athugasemdum (bls. 24).

1. Dallækur er náttúrulegt affall frá hverasvæðum við Kröflufjall (Hveragil og Litla Víti). Því er eðlilegt að efnasamsetning vatns þar hafi töluverð einkenni jarðhitavatns frá náttúrunnar hendi. Um 75% af skiljuvatni er dælt niður í niðurdælingarholur en þéttivatn frá virkjuninni er losað í Dallæk. pH og efnasamsetning eru mjög breytileg og er háð afrennsli hveravatns og regnvatns af svæðinu ásamt vatni frá Kröflustöð.
2. Eftir að jarðhitavatn hefur verið losað í miklu magni í Bjarnarflagslón í yfir 40 ár hafa engin merki komið fram sem sýna fram á hækkaðan styrk á efnum s.s. arsens í lindum við Mývatn og þynning áætluð 100 milljón föld hið minnsta.
3. Varðandi umræðu um kvikasilfur frá Kröflustöð og Bjarnarflagi þá er hvergi vísað í heimildir og virðist sú umræða á misskilningi byggð. Bæði vatn frá Kröflustöð og Bjarnarflagslóni standast drykkjarvatnsstaðla m.t.t. kvikasilfurs.
4. Varðandi áhrif á Grjótagjá þá hafa ekki komið fram nein efnafræðileg áhrif á vatn þar umfram eðlileg jarðhitaáhrif. Vatnið hitnaði verulega í Kröflueldum fyrir 30 árum og er smám saman að kólna aftur. Efnaáhrif í Grjótagjá eru afleiðing þessara hitabreytinga.

Virðingarfyllst


Óli Grétar Blöndal Sveinsson
framkvæmdastjóri Þróunarsviðs